

sundurliðaður, og þar sem áfrýjandinn enn fremur hefir í áður á minstu bréfi sínu frá 7. nóvbr. 1879 tekið það fram, að þá hafi verið ómögulegt, þegar hann sendi vörurnar, að fá afgreiðslu á tolluppbótinni fyrir hinar sendu vörur, og þessi uppbót eigi kemur fram í contocurantinum, þá geti áfrýjandinn eigi fengið dóm yfir stefnda fyrir allri þeirri upphæð, er hann eftir contocurantinum telur sig eiga hjá stefnda, eður, þar engin skilríki eru komin fram fyrir því, hvað mikið eigi að draga frá reikningnum, fyrir hærri upphæð en 1600 kr., er stefndi góðfúslega hefir lofað að borga, og ber því að staðfesta undirréttardóminn.

Málkostnaður fyrir yfirdóminum virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttarins dómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 22/1881

Réttvísín
gegn
Árna Jónssyni

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 23. dag júlímán. þ. á., er Árni Jónsson, bóndi í Breiðholti, dæmdur fyrir meinsæri í 3 ára betrunarhússvinnu, og til að greiða allan kostnað af málinu, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun til svaramanns síns í héraði, en dómi þeim er eftir ósk hins dæmda áfrýjað til yfirdómsins.

Atvik málsins eru þau, að 15. júlí 1879 var eftir

kröfu kaupmanus Thomsens haldin vitnaleiðsla fyrir lög-
reglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu útaf skemdum, er
framar höfðu verið á laxakistum hans í Elliðaánum 5.
júni næst á undan; gaf hinn ákærði þá skýrslu fyrir rétt-
inum, stefndur sem vitni, og staðfesti hana með eiði.
Eftir að skipuð hafði verið opinber rannsókn út af kistu-
brotunum í nefndum ám, var hinn ákærði tekinn í próf
sem grunaður um hlutdeild í kistubrotum þessum, og
gaf hann í prófi 6. janúarmán. skýrslu, sem í mörgum
atriðum kom í mótsögn við skýrslu þá, er hann hafði
gefið 15. júlí 1879 og unnið eið að. Útaf þessu var eftir
skipun amtmannsins í suðuramtinu höfðað sakamál á móti
hinum ákærða fyrir meinsæri, og hefir hann undir málinu
jábað, að hann hafi gefið framburð sinn 15. júlí 1879
með fullri vitund um, að hann væri rangur, og að hann,
með því að staðfesta hann með eiði, gerði sig sekán í
meinsæri, en hann hafi gefið framburðinn þannig, til þess
að firra sig frá að flækjast inn í kistubrotsmálin og frelsa
þá, sem hann var í vitorði með, enda hafi hann vonað,
að brot sitt mundi ekki komast upp.

Undirdómarinn hefir álituð, að hegningin fyrir þetta
afbrot hins ákærða, sem er 69 ára gamall, eigi að ákveð-
ast eftir 146. gr. hegningarlaganna, en með því að sann-
ast hefir, að hinn ákærði var við riðinn við mál það, sem
hann hefir borið falsvitni í, og því hefði ekki átt að krefja
hann vitnisburðar, þá ber samkvæmt 148 gr. 2. málgr.
í sömu lögum að færa hegninguna niður, og virðist hæfi-
legt að ákveða hana 1 árs betrunarhússvinnu. Að því er
snertir málskostnað í héraði, ber að staðfesta undirdóminn,
eins og hinum ákærða einnig ber að greiða allan kostnað
af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til hins

skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Meðferð málsins í héraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt að vera:

Hinn ákærði, Árni Jónsson, á að sæta 1 árs betrunarhússvinnu, að öðru leyti á dómur undirréttarins óraskaður að standa. Hinum ákærða ber að greiða allan löglegan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. desbrmán.

Nr. 23/1881.

Kr. Ó. Þorgrímsson
gegn

bæjarfógeta E. Th. Jónassen.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 22. septembermán. þ. á. af sýslumanni Kristjáni Jónssyni sem settum dómara, var bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson fyrir meiðandi ummæli um bæjarfógeta E. Th. Jónassen, sem stóðu í 12. bl. »Þjóðólfs« þ. á., dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs, eða til einfalds fangelsis í 30 daga, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma, og til að greiða E. Th. Jónassen bæjarfógeta 15 kr. í málskostnað. Svo eru og hin meiðandi ummæli dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 5. oktbrmán. næstl. og krafist fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá rétti,